



Kæru stjórnir frístundahúsafélaga,

Ákveðið hefur verið að endurvefja upplýsingapóstana sem sendir voru á stjórnir frístundahúsafélaga fyrir nokkrum árum síðan.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps vill hafa gott samtal milli sveitarfélagsins og frístundahúsafélaga og er það álit þeirra að vel hafi verið tekið í upplýsingapóstana á sínum tíma og því gott að byrja á þeim aftur.

Hugmyndin er að senda út póst á þriggja mánaðar fresti með ýmsum hagnýtum upplýsingum fyrir ykkur og þá frekar auka tíðni ef þörf þykir.

Aðalfundir frístundahúsafélaga

Við viljum beina því til stjórna að upplýsa sveitarfélagið ef einhverjar breytingar verða á stjórnnum félaganna til að sveitarfélagið sé með réttar upplýsingar og geti komið m.a. þessum upplýsingapóstum og öðru á framfæri.

[Hér er eyðublað](#) sem auðvelt er að fylla út eftir hvern aðalfund ef einhverjar breytingar verða eða hafa orðið nýlega.

Styrkir vegna veghalds í frístundabyggðum

Sveitarstjórn veitir árlega styrki til vegna veghalds í frístundabyggðum sveitarfélagsins.

Í veghaldi felst að halda akstursleiðum innan viðkomandi frístundahúsabyggðar aksturshæfum, t.d. með ofaníbúð, heflun, lagningu slitlags eða snjómokstri.

Í veghaldi felast ekki nýframkvæmdir í vegagerð á viðkomandi svæðum, , nema viðkomandi framkvæmd sé gerð flóttaleiðar samkvæmt deiliskipulagi.

Tímabil styrkveitinga skal vera frá 16. september til 15. september. Aðeins er hægt að sækja um styrki vegna framkvæmda sem hafa átt sér stað á því tímabili, og skal úthlutun styrkja fara fram í október ár hvert.

Umsóknir skulu berast skrifstofu sveitarfélagsins í síðasta lagi 15. september – [hægt er að sækja um rafrænt.](#)

Sveitarstjórn samþykkti í fjárhagsáætlun 2025 að hækka upphæð vegstyrks úr 4 milljónum í 10 milljónir fyrir árið 2025.


Fasteignaskattur í Grímsnes- og Grafningshreppi

Það er um að gera að vekja athygli á því sem gott er og því er um að gera að upplýsa um að sveitarstjórn hefur lækkað fasteignaskatts prósentu A jafnt og þétt síðustu ár og má hér sjá lækkunina sem hefur orðið síðustu ár:

	2025	2024	2023	2022	2021	2020	2019
Fasteignaskattur A: Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og frístundahúsnæði ásamt lóðarréttindum.	0,425%	0,45%	0,46%	0,47%	0,47%	0,465%	0,475%
Fasteignaskattur B: Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skóla, heimavista, leikskóla, íþróttahúsa og bókasafna, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum.	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%
Fasteignaskattur C: Allar aðrar fasteignir svo sem iðnaðar-, skrifstofu og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.	1,60%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%

Í ár var jafnframt fasteignaskatts prósentu c lækkuð úr 1,65% í 1,60%.

Grenndarstöðvar í sveitarfélaginu Grímsnes- og Grafningshreppur.



<https://www.gogg.is/is/thjonusta/umhverfis-framkvaemda-og-veitumal/sorp-og-endurvinnsla#>

Facebook síða – Gámastöðin Seyðishólar

Á facebook síðunni: [Gámastöðin Seyðishólum](#) má finna ýmsa hagnýta og fróðlega punkta um flokkun.

Facebook síða – Grímsnes- og Grafningshreppur

Við hvetjum ykkur til að fylgja facebook síðu sveitarfélagsins fyrir fréttir og tilkynningar [Grímsnes- og Grafningshreppur](#)

Heimasíða sveitarfélagsins

Á heimasíðu sveitarfélagsins má bæði nálgast fréttir úr sveitarfélaginu sem og upplýsingar um þjónustuaðila á svæðinu www.gogg.is

Sérstaklega er vakinn athygli á flipa á forsiðunni sem nefnist „Eigendur frístundahúsa“, en þar má finna ýmsar upplýsingar sem viðkoma frístundahúsaeigendum, m.a. þau bréf sem send eru á stjórnir frístundahúsafélaganna.